

7. júní 2018

Almenn eigandastefna Íslandsbanka

Efnisyfirlit

| | | |
|-------|--|---|
| 1 | Inngangur og markmið stefnu | 3 |
| 2 | Gildissvið | 3 |
| 2.1 | Skilgreiningar..... | 3 |
| 2.2 | Lagarammi | 3 |
| 2.3 | Markmið bankans sem eiganda | 4 |
| 2.3.1 | Rekstur | 4 |
| 2.3.2 | Stjórnarhættir..... | 4 |
| 2.3.3 | Upplýsingagjöf og samskipti við bankann sem eiganda | 4 |
| 2.3.4 | Starfskjarastefna og þóknanir fyrir stjórnarsetu fyrir hönd bankans..... | 5 |
| 2.3.5 | Ákvarðanir hluthafafunda | 5 |
| 3 | Skipulag eignarhalds | 5 |
| 3.1 | Stjórn Íslandsbanka..... | 5 |
| 3.2 | Framkvæmdastjórn | 5 |
| 3.3 | Fjárfestingaráð | 5 |
| 3.4 | Áhættustýring | 5 |
| 3.5 | Regluvarsla | 5 |
| 3.6 | Innri endurskoðandi..... | 5 |
| 3.7 | Ábyrgðaraðili eignarhlutar | 6 |
| 3.8 | Fulltrúar bankans í stjórnnum annarra félaga | 6 |
| 4 | Endurskoðun og innra eftirlit | 6 |

Yfirlit yfir útgáfu

| Útgáfa | Breytingar | Breytt af | Dagsetning | Skoðað/samþykkt af: | Dagsetning |
|--------|---------------|-------------------------------------|-------------|---------------------|-------------|
| 1.0 | Fyrsta útgáfa | Jón Guðni Ómarsson & Dagmar Clausen | 28.05. 2018 | Áhættustefnunefnd | 28.05. 2018 |
| 1.0 | Fyrsta útgáfa | Jón Guðni Ómarsson & Dagmar Clausen | 07.06.2018 | Stjórn Íslandsbanka | 07.06.2018 |

Allur réttur áskilinn. Skjalið að hluta eða í heild sinni má ekki afrita, vista í skjalabanka, eða áframsenda, að neinu leyti eða á neinn hátt, þ.á m. ljósritun eða upptökur, nema með fyrirfram skriflegu samþykki Íslandsbanka hf., eða samkvæmt beinni lagaheimild. Fyrirspurnum um afritun skal beint til fjármálastjóra Íslandsbanka.

Almenn eigandastefna Íslandsbanka
vegna eignarhalds í öðrum félögum
Kópavogur, 7.júní.2018
Stjórn Íslandsbanka hf.

Friðrik Sophusson,
formaður stjórnar

Anna Þórðardóttir

Auður Finnbogadóttir

Árni Stefánsson

Hallgrímur Snorrason

Heiðrún Jónsdóttir

Helga Valfells

1 Inngangur og markmið stefnu

Mikilvægt er að markmið bankans með eignarhaldi í öðrum félögum séu þekkt, skýr og fyrirsjáanleg. Markmið stefnu þessarar er að skýra áherslur og viðmið bankans um stjórnarhætti sem eiganda í þeim félögum sem falla undir stefnuna og stuðla þannig að gegnsæi í fjárfestingum og góðum stjórnarháttum félaga og þróun þeirra. Stjórnir félaganna eru ábyrgar fyrir rekstri og starfsemi félagsins.

Stefna þessi skal vera almenn í þeim skilningi að stjórn bankans getur sett eigandastefnu um einstök félög þar sem sértæk markmið eða annað sem viðkemur forsendum eignarhalds bankans í viðkomandi félagi er sett fram.

2 Gildissvið

Stefna þessi tekur til dótturfélaga bankans, hvort sem það er í hliðarstarfsemi eða eignarhlutir bankans í ótengdri starfsemi.

Stefnan mun þó vera kynnt fulltrúum bankans í stjórnnum hlutdeildarféлага og getur stjórn bankans sett sér sérstaka stefnu um eignarhald í einstökum hlutdeildarfélögum eða öðrum félögum.

2.1 Skilgreiningar

Í þessari stefnu merkir:

- **Móðurfélag:** Í samræmi við 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. a ffl. telst bankinn vera móðurfélag þegar hann:
 - a) ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki;
 - b) á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna; eða
 - c) á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykktu fyrirtækisins eða samnings við það;
 - d) á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu; eða
 - e) á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem móðurfélag og dótturfélag ráða yfir. Við mat á atkvæðisrétti í dótturfélagi skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfélagsins eða dótturfélögum þess.
- **Dótturfélag:** Félag sem hefur þau tengsl sem lýst er í 9. tl. 1. mgr. 1. gr. ffl., sbr. skilgreining á móðurfélagi að ofan, við bankann telst vera dótturfélag. Félag sem er dótturfélag dótturfélags telst einnig vera dótturfélag móðurfélags, sbr. 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. a ffl.
- **Hlutdeildarfélag:** Félag sem bankinn hefur veruleg áhrif á eða þar sem beinn eða óbeinn eignarhluti bankans nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutfé, sbr. 19. tölul. 1. mgr. 1. gr. a ffl.
- **Samstæða:** Móður- og dótturfélög þess mynda samstæðu, 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. a ffl.
- **Hliðarstarfsemi:** Félag sem hefur að meginstarfsemi að sjá um þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri fjármálafyrirtækja, t.d. gagnavinnsluþjónustu, umsjón með fasteignum eða aðra þjónustu sem samrýmist starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 1. gr. a ffl. Og er tilkynningarskyld til Fjármálaeftirlitsins skv. 2. mgr. 22. gr. ffl.
- **Fulltrúi bankans í stjórnnum annarra félaga:** Með fulltrúum bankans í stjórnnum annarra félaga er átt við þá einstaklinga sem bankinn hefur tilnefnt, annað hvort einn og sér eða í samstarfi við aðra hluthafa í krafti atkvæðamagns bankans í viðkomandi félagi.

2.2 Lagarammi

Íslandsbanki er hlutfélag, sbr. lög nr. 2/1995 um hlutfélög (hfl.), sem og fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem viðskiptabanki, sbr. 1. - 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (ffl.) en þátttaka hans í öðrum atvinnurekstri en hinni starfsleyfisskyldu starfsemi kann að vera takmörkuð m.a. af ákvæðum ffl., hfl., lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði,

samkeppnislögum nr. 44/2005 (skl.) og þeim sáttum sem bankinn hefur gert við Samkeppniseftirlitið á grundvelli 17. gr. skl.

Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja taka til fjármálafyrirtækja og gilda eftir því sem við á bæði um móðurfélög og samstæður þeirra.

2.3 Markmið bankans sem eiganda

Bankinn vill stuðla að langtímahagsmunum og góðum stjórnarháttum í þeim félögum sem hann fjárfestir með virkum hætti og kappkostar að koma markmiðum sínum sem eiganda á framfæri við stjórnir þeirra félaga sem undir stefnuna falla. Tekur bankinn afstöðu til mála sem eru borin undir hluthafafund í félögunum og getur komið ábendingum á framfæri með samskiptum við stjórn og/eða forstjóra viðkomandi félaga.

Hér á eftir er að finna meginmarkmið bankans í tengslum við eignarhald á þeim félögum sem undir stefnu þessa falla. Bankinn kann að skilgreina sérstök markmið með eignarhaldi tiltekinna félaga telji hann ástæðu til.

2.3.1 *Rekstur*

Stjórn félags skal vera sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri félags gagnvart eigendum sínum. Bankinn leggur áherslu á að þau félög sem hann fjárfestir í skili viðunandi arði til hluthafa að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Arðsemi byggist á langtímasjónarmiðum og starfsemi þeirra byggist á markvissri stefnu og hagkvæmum rekstri.

2.3.2 *Stjórnarhættir*

Bankinn leggur áherslu á að þau félög sem hann fjárfestir í fylgi viðeigandi lögum sem um starfsemi þess gildir, góðum stjórnarháttum, gæti að samfélagslegri ábyrgð, umhverfismálum, viðskiptasiðferði og starfi á forsendum heiðarlegrar samkeppni.

Stjórnir dótturfélaga bankans bera ábyrgð á því að félagið fari að viðeigandi lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að tryggja slíka hlítu.

Stjórn Íslandsbanka hefur sett bankanum stefnu um góða stjórnarhætti sem felur í sér skuldbindingu um að hlíta viðeigandi reglum um stjórnarhætti, s.s. kröfum laga, Leiðbeininga um stjórnarhætti og annarra viðeigandi reglna og tilmæla frá Fjármálaeftirlitinu, og koma á fót kerfi um skilvirkt eftirlit með fylgni við þær reglur. Leggur bankinn áherslu á að þau félög sem undir stefnu þessa falla fylgi sömu eða sambærilegri stefnu.

Stjórn dótturfélags ber ábyrgð á því að ekki sé tekin áhætta umfram það sem kemur fram í áhættustefnu bankans, þ.á.m. yfirlýsingu bankans um áhættuvilja, eins og hún er á hverjum tíma.

Leggur bankinn áherslu á að dótturfélög bankans fylgi stefnu bankans eða sambærilegri stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum, samfélagslega ábyrgð, ábyrgar fjárfestingar og horfi til meginreglna Sameinuðu þjóðanna þar um (UN PRI og UN Global Compact) í starfsemi sinni.

Leggur bankinn áherslu á að jafnræði, hlutlægni, hagkvæmni og gagnsæi við innkaup, sölu eða ráðstöfun á eignum félagsins og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir.

2.3.3 *Upplýsingagjöf og samskipti við bankann sem eiganda*

Bankinn leggur ríka áherslu á viðeigandi og reglulega upplýsingagjöf og samskipti milli bankans og félaga í hans eigu. Slík samskipti byggja á ábyrgðarskilum milli bankans sem eiganda og stjórnar, sem og milli stjórnar og stjórnenda.

Leggur bankinn áherslu á að stjórnir félaga skilgreini reglur um upplýsingagjöf við hluthafa í starfsreglum sínum og að félög hverra hlutir eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði hafi upplýsingastefnu í samræmi við tilmæli Nasdaq OMX Ísland í Reglum fyrir útgefendur fjármálageninga.

Bankanum skal tryggt skýrt aðgengi að viðeigandi upplýsingum frá þeim félögum sem undir stefnu þessa falla í tengslum við eftirlit á samstæðugrunni.

Sérstaklega skal gætt að ákvæðum viðeigandi laga og reglna t.a.m. um meðferð innherjaupplýsinga, ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, samkeppnislaga, stjórnvaldsfyrirmæla, sátta um sjálfstæði og stjórnunarlegan aðskilnað dótturfélaga sem og trúnaðarskyldum stjórnar.

2.3.4 Starfskjarastefna og þóknanir fyrir stjórnarsetu fyrir hönd bankans

Leggur bankinn áherslu á að dótturfélag bankans setji sér skýra starfskjarastefnu. Jafnframt að starfskjarastefna og forsendur hennar séu kynntar fyrir hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund þannig að hluthafar geti tekið upplýsta afstöðu til stefnunnar. Við ákvörðun um endurgjald fyrir stjórnarsetu skuli taka eðlilegt tillit til umfangs og eðlis rekstrar, ábyrgðar og vinnuframlags.

2.3.5 Ákvarðanir hluthafafunda

Sé það mat bankans að upplýsingagjöf og samskipti við stjórnir félaga samkvæmt framangreindu nægi ekki til að ná fram áherslum bankans, mun hann beita réttindum sínum sem eigandi vegna stjórnarháttá félaga, s.s leggja fram tillögur og/eða ályktanir á hluthafafundum, greiða atkvæði um slíkar tillögur og ályktanir eða selja eignarhlut sinn.

3 Skipulag eignarhalds

3.1 Stjórn Íslandsbanka

Stjórn bankans markar stefnu bankans um eignarhald í öðrum félögum og þátttöku í annarri atvinnustarfsemi. Stjórn bankans skal sjá til þess að skipulag bankans sé gagnsætt og hæfi starfsemi bankans. Skipulagið hvetji til og feli í sér skilvirka og varfærna stjórnun bankans á einingar- og samstæðugrundvelli.

3.2 Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn hefur með höndum innleiðingu þessarar stefnu og eftirfylgni. Framkvæmdastjórn gerir tillögur að fjárfestingum í félögum í hliðarstarfsemi til stjórnar og aðstoðar stjórn við stefnumótun tengda fjárfestingum í félögum í annarri atvinnustarfsemi.

3.3 Fjárfestingaráð

Fjárfestingaráð tekur ákvarðanir um fjárfestingar fyrir hönd bankans í samræmi við heimildir fjárfestingaráðs sem samþykktar eru af stjórn.

3.4 Áhættustýring

Áhættustýring hefur eftirlit með því að til staðar séu ferlar til að bera kennsl á, stýra og upplýsa um áhættu á samstæðugrunni. Sér í lagi skal Áhættustýring tryggja að til staðar séu ferlar til að kynna og fylgja eftir áhættustefnu bankans gagnvart dótturfélögum og skal staðfestingu frá stjórnendum dótturfélaga aflað um að slík kynning hafi farið fram af hálfu bankans.

Áhættustýring skal veita stjórn og áhættustefnunefnd heildstæða og óháða sýn á áhættusnið bankans samanborið við áhættuvilja. Í því skyni skal Áhættustýring tryggja að til staðar séu ferlar til að safna gögnum til innri og ytri skýrslugjafar á samstæðugrunni, að þeir ferlar séu kynntir og staðfestir af stjórnendum viðkomandi félaga.

3.5 Regluvarsla

Regluvarsla hefur eftirlit með því að til staðar séu ferlar til að tryggja hlítini við lög og ytri og innri reglur á samstæðugrunni. Regluvarsla skal veita stjórn og áhættustefnunefnd heildstæða sýn á hlítingaráhættu bankans.

3.6 Innri endurskoðandi

Innri endurskoðandi er ábyrgur fyrir framkvæmd innri endurskoðunar innan samstæðu Íslandsbanka, þ.m.t. innri endurskoðun vegna útvistaðra verkefna.

3.7 Ábyrgðaraðili eignarhlutar

Fyrir hvern eignarhlut bankans skal tilgreindur sá starfsmaður innan bankans fer með og ber ábyrgð á viðkomandi eignarhlut fyrir hönd bankans. Sá aðili ber stjórnunarlega ábyrgð á eignarhlut bankans í viðkomandi félagi fyrir hönd bankans og er í forsvari fyrir bankann gagnvart félaginu.

3.8 Fulltrúar bankans í stjórnnum annarra félaga

Bankinn leggur áherslu á að einstaklingar sem taka að sér stjórnarsetu fyrir hönd bankans í dótturfélögum þekki almenna eigandastefnu bankans og markmið bankans með eignarhaldi í viðkomandi félagi, séu slík markmið til staðar og fylgi þeim. Stjórnunarlegur ábyrgðarmaður viðkomandi eignarhlutar ber ábyrgð á slíkri kynningu gagnvart fulltrúum bankans í stjórnnum dótturfélaga og sönnun þess að hún hafi farið fram. Telji viðkomandi sig ekki geta fylgt þessari stefnu bankans, eða sérstakri stefnu eða markmiðum bankans hvað varðar viðkomandi félag skal viðkomandi upplýsa ábyrgðaraðila viðkomandi eignarhlutar þar um án tafar. Almenn eigandastefna bankans ásamt markmiðum bankans með eignarhaldi fyrir viðkomandi félag, sé þeim til að dreifa, skal jafnframt kynnt stjórn dótturfélaga bankans.

4 Endurskoðun og innra eftirlit

Innri endurskoðun skal hafa eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og gera grein fyrir því árlega í skýrslu til stjórnar.

Stefna þessi skal endurskoðuð árlega og birt á heimasíðu bankans.